



BÆNDASAMTÖK
ÍSLANDS



LANDSSAMBAND
KÚABÆNDA



SAMBAND
GARÐYRKJUBÆNDA

Reykjavík 19. mars 2019

Efni: Mál nr. S-87/2019. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um stjórnarsýslu búvörumála (flutning búnaðarstofu).

Bændasamtök Íslands, Landssamband kúabænda og Samband garðyrkjubænda gera eftirfarandi umsögn um mál nr. S-87/2019, frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um stjórnarsýslu búvörumála (flutningur búnaðarstofu).

Umsagnaraðilar leggja mikla áherslu á að stjórnarsýsla landbúnaðar og framkvæmdar búvörusamninga sé skýr þannig að ávallt sé ljóst hvar ábyrgð einstakra verkefna liggur. Þegar verkefni voru flutt frá Bændasamtökunum til Matvælastofnunar á sínum tíma var lagt til að þau yrðu í höndum sjálfstæðrar stofnunar, enda er eðli þeirra ólíkt kjarnastarfsemi Matvælastofnunar, sem fyrst og fremst fer með eftirlits- og leiðsagnarhlutverk. Sú leið var ekki farin, en ákveðið að halda utan um verkefnin í sérstakri einingu innan Matvælastofnunar, þ.e. Búnaðarstofu. Vissir byrjunarörðugleikar urðu á framkvæmdinni ekki síst vegna tilkomu nýrra búvörusamninga sem fólu í sér talsverðar breytingar. Framkvæmdin hefur gengið betur á árunum 2018 og 2019.

Umsagnaraðilar hafa talið og telja enn að eðlilegra og skýrara væri að verkefni yrðu vistuð í sérstakri, sjálfstæðri ráðuneytisstofnun, sbr. 17. gr. laga um Stjórnarráð Íslands nr. 115/2011. Stofnunin yrði sjálfstæð stjórnsýslueining þar sem ýmsar ákvarðanir geta falið í sér forgangsörðun og mat, sbr. úthlutun nýliðunarstyrkja eða eftirlit með ræktun vegna beingreiðslna og jarðræktarstyrkja. Þannig yrðu ákvarðanir kærarlegar til æðra stjórnvalds.

Ekki nægir að vísa til þess, eins og gert er í lið A í greinargerð, að bændur séu svo vanir að eiga í samskiptum við stjórnsýsluna og njóti leiðsagnar RML að þessi leið þurfi ekki að vera fær. Aðstæður bændur eru misjafnar eins og annarra sem samskipti eiga við hinar ýmsu stofnanir. Það eru heldur ekki allir bændur í samskiptum við Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins og benda má á að þjónusta þar er ekki án endurgjalds.

Skipurit stjórnsýslu landbúnaðar hefur ekki verið kynnt og það er því óljóst hvert bændur og/eða aðrir sem athugasemdir hafa ættu að beina erindum sínum varðandi framkvæmd og umgjörð einstakra verkefna.

Umsagnaraðilar lýsa yfir áhyggjum af því nú þegar framkvæmd verkefnanna er færð að nýju að aftur verði röskun. Bændur leita mikið til þeirrar einingar sem fer með þessi verkefni og getur stundum verið mikið álag, s.s. þegar umsóknarfrestir eru að renna út eða aðrir skilafrestir. Ráðuneytið þarf að vera reiðubúið að takast á við það. Benda má á að ýmis verkefni á sviði landbúnaðar bíða úrlausnar og hafa beinlínis setið á hakanum. Það er því nauðsynlegt að styrkja stjórnsýsluna, afmarka verkefni og setja aukið afl í úrlausn verkefna.

Samstarf Búnaðarstofu Matvælastofnunar við Bændasamtökin og önnur félög bændur hefur verið gott og eins hefur hún átt reglulega samráðsfundi með öðrum sem koma að þjónustu við bændur með ýmislegt sem tengist framkvæmd búvörusamninga. Lögð er áhersla á að þetta samstarf haldi áfram. Þá er einnig þýðingarmikið að framkvæmdanefnd búvörusamninga tengist þessu starfi náið, enda er hún skilgreindur samráðsvettvangur um framkvæmd búvörusamninga. Umsagnaraðilar leggja einnig áherslu á að þörf er á ítarlegum skýrslu um framvindu samningsins, þ.á m. aldursdreifing, búsvæði, greiðslur o.fl. hvornig greiðslurnar eru að dreifast og hvort það sé í samræmi við markmið samningsins. Aðgengi að gögnum er takmarkað, ekkert ætti að mæla gegn

Því að afhentar væru fjöldatölur, framleiðslutölur og annað sem nauðsynlegt er til að fylgjast með þróun í innlendum landbúnaði.

Undirritaðir umsagnaraðilar eru reiðubúnir að koma til funda og yfirfara athugasemdir og/eða taka þátt í umræðum um nánari útfærslu. Jafnframt munu umsagnaraðilar mögulega koma að málinu á síðari stigum eftir því sem breytingar verða og þróun á stjórnsýslu landbúnaðar vindur fram.

Virðingarfyllst, f.h.
Bændasamtaka Íslands,
Landssambands kúabænda og
Sambands garðyrkjubænda


Guðrún Vaka Steingrímsdóttir